



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

4. árgangur 10.tbl

Nóvember 2007

Betra er að gefa en þiggja.

Hér eru nemendur Þjórsárskóla að útbúa jólapakka til fátækra barna í Úkraínu.

Foreldrafélagið, kennarar og nemendur ákváðu að taka þátt í verkefninu "Jól í Skókssa" á vegum KFUM og K á Íslandi og var almenn ánægja með verkefnið, börnin nutu sín vel og hjálpuðu þau eldri

yngri börnunum að útbúa pakka. Alls fóru 60 pakkar frá okkur. Börnin fengu fræðslu um Úkraínu og fátækt. Þeir sem styrktu verkefnið voru Landsbankinn, Sparisjóðurinn, Glitnir, Kaupþing og Europris og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

F.h. Foreldrafélagsins Helga Kolbeinsdóttir



Nemendur Þjórsárskóla við nýjan slökkvibíl frá Brunavörnum Árnessýslu sem vígður var á dögunum. Hann mun vera staðsettur í Árnesei.

23. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 23.okt. 2007 kl. 10:30 í Brautarholti og frá 13.00 í Árnesi.

Mættir voru: Gunnar Örn Marteinnsson oddviti, Ingvar Hjálmarsson, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson, Björgvin Skafti Bjarnason, sem ritaði fundargerð og Sigurður Jónsson sveitarstjóri.

Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins, en svo reyndist ekki vera.

1. **Skoðun á nokkrum fasteignum sveitarfélagsins.** Byrjað að skoða leikskóla og sundlaug í Brautarholti og farið yfir viðhaldsmál. Í Árnesi var skoðaður skóli og Nónsteinn gistiheimili. Ákveðið að taka saman kostnað vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2007.
2. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007 lögð fram.**
3. **Aðalfundur SASS 1.og 2.nóv.2007.** Kosning fulltrúa :
 - a. Atvinnuþróunarfélag Suðurland
 - b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
 - c. Skólaskrifstofa Suðurlands
 - d. Sorpstöð SuðurlandsFulltrúar á þing SASS , Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Skólaskrifstofu Suðurlands. Gunnar Örn Marteinnsson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands, Gunnar Örn Marteinnsson.
4. **Fundargerð Oddvitanefndar frá 26.09.07.** Bókun: Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir inngöngu Flóahrepps í samstarf uppsveita Árnessýslu um félagsmálafulltrúaembætti. Fundargerð staðfest.
5. **Frestað mál** (liður 29) úr fundargerð Skipulagsnefndar frá 23.08.07, sem frestað var á fundi sveitarstjórnar 4.09.07. - Skeiðhólt á Skeiðum- Jón Vilmundarson vék af fundi. Liður 29 úr fundargerð Skipulagsnefndar frá 23.08.07 samþykktur með skilyrðum að ef um frekari uppbyggingu eða fjölgun sumarhúsa á svæðinu verði að ræða þurfi að breyta vegtengingu.
6. **Leikskólinn Leikholt Brautarholti.** -Tillaga að skipulagi lóðar- unnið af Landformi, verkn.207-016 frá 16.okt. 2007. Samþykkt.
7. **Mál til kynningar.** Sveitarstjórn sótti um styrk vegna tveggja verkefna til styrktarsjóðs EBÍ. EBÍ samþykkti 500.p. kr. styrk til réttabyggingar í Skaftholti.
8. **Bréf frá Atla Gíslasyni, Björg Evu Erlendsdóttur, Finnboga Jóhannssyni og Kjartani Ágústssyni lagt fram.**

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl: 15.20

BETRI STAÐA

Nýlokið er fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Á ráðstefnunni liggur fyrir árbók sveitarfélaga þar sem hægt er að skoða niðurstöðu ársreikninga sveitarfélaga og bera saman.

Ég held að við getum verið þokkalega ánægð með niðurstöðu ársreiknings okkar árið 2006. Til fróðleiks koma hér nokkrar tölur úr árbókinni og einnig samanburður við árið 2005.

	2006	2005
Tekjur	318.243 þús.	257.898 þús.
Gjöld	285.300	268.249 þús.
Niðurst.án fjárm.liða	32.943 þús.	neikv. 10.351 þús.
Langt.skuldir	62.430 þús.	81.512 þús.
Lykiltölur hlutfall við tekjur	84,8%	86,5%
Laun	34,4%	42,4%
Veltufé frá reksri	12,2%	neikv. 0,1%
Fjárfestingar	4,3%	neikv. 0,3%
Skuldir	41,7%	60,3%

Eins og sést á þessum tölum er útkoma ársins 2006 mun betri heldur en árið 2005 jafnframt því að tekist hefur að lækka skuldir verulega.

Sig.Jónsson, sveitarstjóri

Fundarboð

Aðalfundur BJSV. Sigurgeirs

verður haldinn í húsi sveitarinnar sunnudaginn 25. nóvember 2007
klukkan 20:30

Dagskrá:

Lesin fundargerð síðasta aðalfundar

Skýrsla stjórnar

Skýrsla gjaldkera

Inntaka nýrra félaga

Kosningar

Önnur mál

**Félagar eru hvattir til að
fjölmenna**

Stjórnin

Haustfundur Kvenfélags Gnúpverja

Haustfundur kvenfélagsins verður haldinn í Árnesi næstkomandi **sunnudagskvöld, 18. nóvember kl. 20.00**. Venjuleg fundarstörf. Minnum á að ljúka greiðslu félagsgjalda. Nýir formenn númera taka við störfum. Gaman væri ef fundarkonur kæmu með eitthvað skemmtilegt í pokahorninu til að deila með hinum, frásagnir, sögur, ljóð eða bara hvað sem er. Endilega komið með myndir úr ferðinni frægu til Barcelona. Hittumst og eigum notalega stund; nýjar félagskonur hjartanlega velkomnar.

Stjórnin.

Jólafundur

Foreldrafélag Þjórskóla og Foreldrafélag Leikhólts munu standa fyrir jólafundurstund í **Brautarholti milli 11-13 laugardaginn 24. nóvember**.

Eitthvað við allra hæfi. Veitingar til sölu.

Hvetjum alla til að mæta jafnt stóra sem smáa og eiga góða stund saman.

Með kveðju
Félögin

SKRIF UNDIR NAFNI

Í Fréttabréfinu sem kom út í október birtist grein þar sem ekki kemur fram hver eða hverjir séu höfundar greinarinnar. Mér finnst leitt að það skuli gerast. Fréttabréfið er að sjálfsögðu öllum opið til að setja fram sínar skoðanir á málum sveitarfélagsins, gera athugasemdir eða leggja fram fyrirspurnir. Eina skilyrðið sem sett er að það sé gert undir nafni eða nöfnum. Framvegis verða ekki birtar í Fréttabréfinu, greinar, athugasemdir eða fyrirspurnir nema það sé gert undir fullu nafni.

Sigurður Jónsson, sveitarstjóri

Jónas Hallgrímsson í 200 ár



Vörðukórinn kynnir:



Dagskrá í tali og tónum helguð Jónasi Hallgrímssyni í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu hans.

Samkoman verður haldin í Félagsheimilinu á Flúðum föstudaginn 16. nóvember kl. 20:30.

Fram koma:

Vörðukórinn undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur

Undirleikari : Stefán Þorleifsson

Einsöngur með kórnum : Haukur Haraldsson

Karlakvartett úr Rangárþingi

Bjarni Harðarson alþingismaður fjallar um

Jónas Hallgrímsson í fortíð og nútíð.

Helga Guðlaugsdóttir syngur einsöng.

Halla Guðmundsdóttir les úr verkum Jónasar.

Þjóðlegir smáréttir.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Aðgangseyrir kr. 2000. Frítt fyrir börn.

Vörðukórinn



Nú fer að líða að lokum fyrstu annar skólans. Foreldraviðtöl verða 22. nóvember þar sem farið verður yfir stöðu nemenda með nemendum og foreldrum. Önnin hefur verið viðburðarík hjá okkur öllum. Allir hafa verið að aðlaga sig nýjum aðstæðum og síðum. Þeir íbúar sveitarfélagsins sem ekki eiga börn í skólanum hafa ekki þá tengingu sem hinir hafa við þessa lífæð sveitarfélagsins sem skólinn er og því er hér sett niður nokkur verkefni og viðburðir sem hafa verið í skólanum á haustönn.

Haustönnin var viðburðarík varðandi verkefni. Í september var farið í landgræðsluferð inn í Þjósársdal og einn dagur í september varð „öðruvísi“ dagur með óhefðbundnum verkefnum og leikjum. Yngri hópar hafa hafið smíði kofa á lóð skólans sem verkefni í verkgreinum. Nemendur hafa valið sér fulltrúa úr hverjum bekk til að vera í nemendanefnd um Græn fána verkefnið. Sú nefnd hittist reglulega til að vinna að stefnum í verkefninu. Allir kennsluhópar hafa hreinsað sitt svæði í kringum skólann. Nemendur útbjuggu jólagjafir fyrir börn í Úkraínu sem er hluti verkefnis UMFK „jól í skókassa“. Nemendur og foreldrarfélag skólans stóðu fyrir flóamarkaði sem tókst mjög vel og var vel sóttur. Nemendur í 7. bekk hafa sótt opin hús í Flúðaskóla og umsjónarkennarar 5.-7. bekkja stóðu fyrir opnu húsi í Þjósárskóla í október. Þar fyrir utan hafa nemendur unnið vel í almennri kennslu og tekið miklum framförum í umgengni og samskiptum.

Starfsfólk skólans hefur unnið mikið starf í aðlögun að breyttum aðstæðum. Þannig hefur þurft að breyta fyrirkomulagi og finna lausnir varðandi aðstöðu í morgunmat, skipulag á mötuneyti, læra á Mentor og skráningar þar, skila inn áætlunum og upplýsingum sem skólastjóri óskar eftir, fagstýra einstökum greinum frá 1.-7. bekk, sinna forföllum og sýna sveigjanleika til að nýta aðstæður hverju sinni. Starfsmenn hafa sótt fyrirlestra og námskeið eftir því sem tilefni hafa verið til, skemmt sér saman og átt margar góðar stundir.

Skólabílastjórar okkar hafa sinnt akstri af alúð og mætt breytingum með jákvæðni og verið til aðstoðar á alla lund. Þannig hefur allur akstur og öll mál verið leyst strax, hvort sem það hefur varðað frávík í hefðbundnum skólaakstri eða aðrar ferðir utan skólatíma. Nú höfum við fengið anddyrið endurnýjað með nýjum snögum og hillum, tvær rólur eru komnar í notkun og sparkvöllurinn góði er vel nýttur. Allt er þetta mikilvæg skref í þróun á aðstöðu skólans.

Fyrir mér hefur tíminn verið skemmtilegur og lærdómsríkur. Þjósárskóli er skemmtilegur skóli með lífsfjörugum nemendum og jákvæðu starfsfólki.

Með bestu kveðju,
Ingibjörg María Guðmundsdóttir
skólastjóri

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur í Þjórsárskóla. Nemendur munu sýna nokkur verk sín sem hafa verið unnin í ýmsum fögum. Þannig verður til sýnis handverk, myndskreytingar, fræðslumolar, söngur, ljóðalestur, tónverk, tónlist flutt og margt fleira. Þennan dag hefst Stóra upplestrarkeppnin 7. bekkjar formlega. Í Þjórsárskóla munu 6. og 7. bekkur vinna þó nokkuð saman varðandi upplestur og framsögu á æfingátímanum fram til mars og er það til að auka fjölbreytni og fá meiri æfingu fyrir báða hópa. **Á degi íslenskrar tungu, föstudaginn 16. nóvember kl. 11, er foreldrum, öðrum aðstandendum, skólanefnd og áhugasömum boðið til skemmtunar í sal Þjórsárskóla. Boðið verður upp á kaffi og safa í lok skemmtunar.**

Við vonumst til að sjá sem flesta.
Með góðri kveðju úr skólanum.
Ingibjörg María – skólastjóri.

FUNDARBOÐ.

Boðað er til fundar miðvikudaginn 21.nóv.kl.20:30 á Hótel Heklu.

Tilgangur fundarins er að ræða hvort stefna eigi að því að halda Landnámsdag sumarið 2008. Einnig rætt um Menningarmiðstöð/gestastofu. Önnur mál sem fundarmenn óska að ræða.

Dagskrá fundarins verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Sveitarstjóri

Ágætu lesendur.

Ef þú/þið eruð nýflutt í sveitarfélagið og eigið eftir að tilkynna nýtt heimilisfang eru þið beðin að tilkynna það á hreppsskrifstofuna fyrir 1.desember n.k.

Sveitarstjóri.

Næsta Fréttabréf kemur út föstudaginn 14. desember

Skilafrestur efnis er til mánudagsins 10. desember.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Helga Kolbeinsdóttir - helga@skeidgnup.is
Ábyrgðarmaður er Sigurður Jónsson sveitarstjóri



Á bak við eldavélina.

Ég þakka Láru fyrir áskorunina !!

Sendi hér uppskrift af pottrétti. Þessi er mjög einfaldur og góður, og tekur ekki mikinn tíma. (Gott fyrir alla sem hafa lítinn tíma fyrir eldamennsku !)

Pottréttur

800gr - 1 kg. Nauta eða lambakjöt
1 laukur
1 hvítlaufsrif
1 dós tómatsósa (Hunts tomatosauce 400 gr.)
1 lítil dós tómaturra
2 tsk sterkt karrý
 $\frac{1}{2}$ - 1 tsk salt
1 kjúklingateningur
2 epli, afhýdd og skorin í bita
1 appelsína, afhýdd og skorin í þunnar sneiðar
1 $\frac{1}{4}$ dl. Rúsínur (hef reyndar alltaf sleppt þeim !)

Brúnið kjöt, lauk og hvítlauk í potti. Setjið svo allt sem er í réttinum út í pottinn og sjóðið við vægan hita í 45 mín.



Læt fylgja með uppskrift af heitum brauðrétti sem er líka voða einfaldur.

2 dósir sýrður rjómi
1 $\frac{1}{2}$ dl. Rjómi
1 dós sveppir (200 gr.)
1 dós aspás (300 gr.)
100 gr. Skinka
100 gr. Rifinn ostur
10 sn. Samlokubrauð
 $\frac{1}{2}$ tsk karrý
1 tsk. Laukduft
Ca. $\frac{1}{2}$ krukka Mango chutney
Smá pipar

Öllu blandað saman. Safi af sveppum og aspás að hluta. Paprikusnakk mulið og sett yfir.
Hitað í 20-30 mín. Við 200°C.



Ég ætla að skora á hana Millu nágrannakonu mína að koma með sænskar jólauppskriftir í desember.

Verði ykkur að góðu, Jóhanna Valgeirs.

VÖNDULL ehf.-

FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf,
Skútuvogi 8

Sími: 581-3030, mánudaga til fimmtudaga kl.
13:00, föstudaga kl.16:00. Á Selfossi hjá
Húsasmiðjunni og Byko klukkan 14:00 nema
föstudaga kl. 17:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma :856-1580 Unnar og Stefán 856-1581

**Símanúmerið hjá heilsugæslustöðinni í
Laugarási er 480-5300**

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra
frá GUINOT og förðunarvörur frá NO NAME
Tímáttanir í síma 566-8342 og 856-1599 (Hlíf)

Menn og málefni

- Þann 27.10 07 útskifaðist Matthildur E Vilhjálmsdóttir í Norðurgarði með Dipl. Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræði við framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands með áherslu á nám og kennslu ungra barna. Aðaleinkun 9.11.

Til hamingju með áfangann.

- Hrönn Bjarnadóttir frá Fjalli og Ásgeir Bragason eignuðust strák þann 27.10 síðastliðinn. Hann var 4440 gr eða 18 merkur og 53 cm. Þau eiga fyrir Alexöndru 10 ára og Jóhann Braga 7 ára.
- Þann 27. september síðastliðinn eignuðust Bjarney Högnadóttir frá Laxárdal og Eyþór Reynisson dreng sem vó 15 merkur og var 55 cm að lengd. Hann var svo skírður 20. október og hlaut nafnið Patrekur Breiðfjörð. Fjölskyldan býr í Grindavík.



Hjartanlega til hamingju með drengina.

Valnefnd Stóra-Núpsprestakalls var valin á sameiginlegum fundi sókna prestakallsins þann 16. október 2007 að Húsatóftum. Samkvæmt 15. grein Starfsreglna um presta nr. 735/1998 þá skal kjósa níu fulltrúa prestakalls og jafnmarga varamenn þeirra eru valdir til fjögurra ára. Nöfn nefndar manna eru sem hér segir:

Aðalmenn eru:

Guðjón Vigfússon	Húsatóftum 1
Helga Guðlaugsdóttir	Brautarholti 4
Bergljót Þorsteinsdóttir	Reykhóli 2
Vilmundur Jónsson	Skeiðháholti 1
Guðfinnur Jakobsson	Skaðholti 2
Haukur Haraldsson	St-Mástungu 1b
Magnea Gunnarsdóttir	Þrándarholti 4
Sigrún Guðlaugsdóttir	Haga
Bryndís Baldursdóttir	Hamragerði 2

Varamenn eru í þessari röð skipaðir:

Matthildur E Vilhjálmsdóttir	Norðurgarði
Lilja Loftsdóttir	Brúnum
Hafliði Sveinsson	Ósabakka 3
Valdemar Jóhannsson	Stóra-Núpi 1
Vilborg Þorsteinsdóttir	Sléttabóli
María Guðný Guðnadóttir	Laxárdal 2
Sigmar G Guðbjörnsson	Arakoti
Sigurður Björgvinsson	Skarði
Jóhanna Valgeirsdóttir	Brautarholti 10

-Undir þetta rita formenn sóknarnefndanna þeir Guðfinnur Jakobsson og Guðjón Vigfússon.

Flúðaleið ehf

Frá 1. september 2007 mun Flúðaleið ehf bæta við sig þjónustu fyrir Landflutninga Samskip í uppsveitum Árnessýslu. Og mun því eftirleiðis þjónusta Eimskip Flytjanda og Landflutninga Samskip.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Landflutningar Kjalarvogi s:458-8000 kl. 12:00

Flytjandi Klettagörðum s:525-7700 kl 13:00

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Flytjandi Gagnheiði 36 s:525-7951

Landflutningar Austurvegi 69 s:458-8820

Einnig frá Húsasmíðjunni og Byko

Flytjum áburð, skeljasand og fóður fyrir alla söluaðila

Nánari upplýsingar eru hjá

Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2372- Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með von um gott samstarf

Starfsfólk Flúðaleiðar

Biblíuleshópur

Eins og kunnugt er þá hefur ný útgáfa Biblíunnar verið gefin út. Prestur vill því athuga hvort markaður sé fyrir 6 þriðjudagskvöldstundir nú á næstunni til að líta saman í þá ágætu bók og lesa saman í henni og ræða síðan á eftir það sem lesið hefur verið. Samfundurinn yrði á heimili sóknarprestsins og hæfist stundvíslega kl. 20.00 og stæði í einn og hálfan tíma. Fyrsta kvöldið yrði 20. nóvember í Eystra-Geldingaholti 1. Lágmarksfjöldi þátttakenda væri bundinn við einn þáttakanda. Vinsamlega hafði samband við sóknarprestinn í síma 486 6057, láti þið freistast til þess að taka þátt í svona könnunarferð inn í Ritninguna. Nauðsynlegt væri að hafa náð sér í eintak af hinni nýju útgáfu.

-Séra Axel Árnason

Húsfélagið Þjórsá og þjóðhagslegt skaðræði

Enn rennur Þjórsá í farvegi sínum um byggðir Suðurlands. Enn hamast Landsvirkjun á bændum og landeigendum við ána. Sendiboðar hennar tala um samningaviðræður, en enginn lýsir því betur en Landsvirkjun sjálf, hverskonar öfugmæli er þar á ferð. Á heimasíðu Landsvirkjunar segir að ekki standi annað til en að semja, en 95 prósent vatnsréttindanna eigi fyrirtækið hvort sem er:

Síðan segir Landsvirkjun:

Hinu er ekki að leyndu að skýr eignarnámsheimild liggur fyrir. Vísað er í lög um að "heimilt sé að taka eignarnámi nauðsynlegt land, landgæði, mannvirki, aðstöðu og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til, hafi fyrirtæki ekki náð samkomulagi við landeiganda eða eiganda orkulinda vegna framkvæmda á grundvelli raforkulaga."

Eðlilegt að eigendur meirihluta ráði heildinni

Ekki má líta framhjá því að í þessu tilfelli er einungis um að ræða 5% þeirra vatnsréttinda sem tengd eru áformum um nýjar virkjanir í Þjórsá. Má hér m.a. benda á 53. gr. vatnalaga nr. 15/1923 þar sem segir að eigi menn í félagi tilkall til orku úr sama fallvatni, og verði þeir ekki ásáttir, hvernig það skuli notað til orkuvinnslu, geti þá ráðherra heimilað, að þeir, sem tilkall eigi til meira en helmingis vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans.

Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir það að þeir sem eiga lítinn hluta vatnsréttinda geti staðið í vegi fyrir því að sá sem á meirihluta vatnsorku í vatnsfalli geti nýtt hana. Það þarf ekki annað en að hugsa til veiðifélaga eða húsfélaga til að átta sig á að ákvæði af þessu tagi eru hinn eðlilegasti hlutur á mörgum sviðum mannlífsins.

Þetta er algjörlega skýrt. Landsvirkjun telur sig nú þegar ráða meirihlutanum í húsfélaginu Þjórsá. Í krafti þess meirihluta eru bændur látnir skrifa undir viljayfirlýsingu um framhald samninga til þess að þeir geti verið með í ráðum áfram um hina „óumflýjanlegu“ niðurstöðu. Sól á Suðurlandi og unnendur Þjórsár geta ekki annað en undrast þessar aðfarir. Viljayfirlýsingar undirritaðar á þessum forsendum gera ekki landeigendur að meirihluta í félagi sem vill kúga andstæðinga virkjana. Þeir hafa sjálfir verið beittir þrýstingi og það er Landsvirkjun sem ræður húsfélaginu. Nema sveitarstjórnir og ríkisstjórn spyrni við fótum. Unnendur Þjórsár kunna afar illa við að náttúra landsins, heimaslóðir þeirra séu afgreiddar eins og einhver tilfallandi félagsskapur eða klúbbur.

Þjóðhagsleg hagkvæmni eru þau rök sem talsmenn virkjana hafa oft notað þegar skortur er á öðrum betri. Þjóðfélagsmæða síðustu vikna hefur enn einu sinni leitt í ljós að það eru líka öfugmæli. Davíð Oddsson, seðlabankastjóri varar við frekari stóriðjusamningum nú. Hann vill bíða með slíkar fjárfestingar því vextina getur hann tæpast hækkað meira. Davíð sagði líka: Það eru ekki miklar líkur á að menn tapi nokkrum tækifærum,“. Aðstæður í efnahagslífinu knýi ekki á um þetta nú.

Sömu rök færði Davíð rétt fyrir álverskosningarnar í Hafnarfirði. Þær fóru vel. Rökin eiga enn betur við nú og margir hafa haldið því fram lengi að þensluhvetjandi framkvæmdir á suðvesturhorninu nú séu þjóðhagslegt skaðræði sem bitni fyrst og fremst á byggðum landsins. Viljum við það?

Frh.

Loks ber að geta þess að Sól á Suðurlandi og unnendur Þjórsár er ekki nafnlaus leynifélagsskapur. Hér fylgja nöfn þeirra sem tóku þátt í ritun síðustu greinar og þessarar. Fjöldi fólks vill líka lýsa yfir stuðningi við efni þessara greina. Okkur er ljúft að senda lista með þeim nöfnum inn í næsta fréttabréf.

Fyrir hönd unnenda Þjórsár og Sólar á Suðurlandi.

Atie Bakker, Árdís Jónsdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Finnbogi Jóhannsson, Guðbjörg Friðriksdóttir, Guðfinnur Jakobsson, Guðrún Haraldsdóttir, Kjartan Ágústsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Sigurður L. Einarsson, Sigprúður Jónsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir.

Jólastjörnusala Kiwanisklúbbsins Gullfoss

Eins og mörg undanfarin ár munum við selja jólastjörnu í Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi nú fyrir jól. Ágóði af sölunni hefur jafnan runnið til líknarmála hér í uppsveitum og í ár höfum við ákveðið að styrkja Dvalarheimilið á Blesastöðum og minnast þannig hinnar merku konu Ingibjargar Jóhannsdóttur sem nú er nýlátin og hugsjónastarfs hennar.

Salan mun hefjast helgina 24-25. nóv. n.k. Vonumst við eftir góðum viðtökum fólks sem endranær.

Forseti klúbbsins þetta starfsár er Magnús H Sigurðsson, Birtingaholti.

F.h. klúbbsins, Jóhannes Sigmundsson, blaðafulltrúi.

Fjallmannakvöld

Fjallmannakvöld verður haldið á Hestakránni föstudagskvöldið 23. nóvember og hefst kl. 20.30. Hin landsfræga Hestakráarkjötsúpa verður á borð borin og kostar kr. 1500. Unglingar sem voru á fjalli eru að sjálfsögðu velkomnir, en vegna ungs aldurs verða þeir að vera á ábyrgð fullorðinna.

Það rigndi svo mikið í leitum í haust að fjallmönnum svelgdist á ef þeir opnuðu munninn, svo að tenórakeppnin fer fram á fjallmannakvöldinu í staðinn.

Söngur, glens og grín, - árlegar verðlaunaveitingar.

Vinsamlegast LÁTID VITA UM ÞÁTTTÖKU fjallanna og fylgifiska þeirra í síðasta lagi miðvikudagskv. 21. nóv.:

Til Alla og Dúnu í síma 895-0066, til Óla í síma 8481617 eða Höllu í síma 8958227.

Þændur eru beðnir að láta fjarstadda fjallmenn sína vita. Húsið verður opið öllum frá kl. 22.30. Vonast er eftir fjölmenni. Verið hjartanlega velkomin.

Hestakráin.

Folaldasýning

Hin árlega folaldasýning Efri-Brúnavalla 1 og Vorsabæjar 2 verður haldin **laugardaginn 17. nóvember kl:13/30.**

Sýningin verður hjá Hermanní á Efri-Brúnavöllum 1. Nú er um að gera fyrir hrossaræktendur, stóra sem smáa að mæta með folöld og leyfa öðrum að sjá hvað þeir eiga. Skráning þarf að fara fram í seinasta lagi fimmtudaginn 15.nóv í síma 4865522. Að sjálfsögðu hvetjum við alla un-
nendur ísl. hestssins að mæta , því að maður er manns gaman.

Hermann, Björn og Stefanía.



Sigurvegari 2006. Blær frá Reykhól með eig. Unnari Steini.

BASAR

Hinn árlegi basar kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn í Brautarholti sunnudaginn **25. nóvember kl. 14:00.**

Kaffi, súkkulaði og annað góðgæti að venju.

Kvenfélagskonur munið að koma munum á basarinn í Brautarholt eftir kl. 14:00 laugardaginn **24. nóv.**

Framkvæmdanefnd

Messuheimsókn í Stórólfshvolskirkju

Sunnudaginn 18. nóvember kl. 14:00 messar sóknarprestur í Stórólfshvolskirkju í Breiðabólstaðarprestakalli og kórfólk úr prestakallinu syngur. Kaffiveitingar að athöfn lokinni. Kirkjan stendur rétt fyrir austan Hvolsvöll. Þau sem vilja fylgja sóknarpresti og kórfólki geta flotið með í rútabíl sem fenginn verður til flutningsins og eru beðin að gefa sig fram við sóknarprest í síma 4866057 sem fyrst, til að tryggja sér þægilegt sæti. Ekið verður frá félagsheimlinu Árnosi og Brautarholti.
-Séra Axel Árnason

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá kl. 10-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is

Opnunartími sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vetur 2007-2008



Skeiðalaug

Neslaug

Þriðjudaga kl. 19-22

Fimmtudaga kl. 17-22

Laugardaga kl. 13-17

Mánudaga kl. 19-22

Miðvikudaga kl. 17-22

Laugardaga kl. 13-17

Heilsusamlegt fyrir fyrir líkama og sál

Sund er skemmtileg tómstundariðja þar sem hægt er sameina útiveru, holla hreyfingu og góðan félagsskap.

Sundlaugar eru ekki endilega bara til þess að synda heldur má þjálfa alls konar hreyfingar í vatninu.

Síðan er tilvalið að fara í heitan pott, gufubað eða sánu til að mýkja og teygja vöðvana ásamt því að hreinsa sig og jafna líkamlega og andlega.

Skellum okkur í sund.

Sundlaugaverðir

Grúví gospel og dásamleg dægurlög

Mánudaginn 19. nóv. nk. munu tveir kórar halda tónleika í Selfosskirkju. Um er að ræða **Uppsveitasystur** undir stjórn Stefáns Þorleifssonar og **Gospelkór Tónsmiðjunnar** undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur. Undirleikur verður í umsjón **Djassbands Suðurlands**. Uppsveitasystur eru nú á öðru starfsári sínu og er Stefán stjórnandi þeirra tímabundið en aðalstjórnandi þeirra er Magnea Gunnarsdóttir. Gospelkór Tónsmiðjunnar var stofnaður í haust og kemur nú fram í fyrsta sinn. Djassband Suðurlands hefur verið starfandi frá því 2005 og er skipað Róberti Dan Bergmundssyni, bassaleikara frá Þorlákshöfn, Stefáni Ingimar Þórhallssyni, trommuleikara frá Laugalandi, Stefáni Þorleifssyni, píanóleikara frá Selfossi og Trausta Erni Einarssyni, gítarleikara úr Reykjavík

Efnisvalið er blanda af grúví gopeli og dásamlegum dægurlögum. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30 og er aðgangur ókeypis.



Fréttir úr körfunni.

Nú eru körfuboltaæfingar hafnar af fullum krafti og eru iðkendur um 90 talsins. Við erum svo ótrúlega heppin að hafa tvo frábæra þjálfara á okkar snærum í vetur þá Árna Þór Hilmarsson og Karl Ágúst Hannibalsson en þeir eru báðir íþróttافرæðingar að mennt og þar að auki miklir áhugamenn um körfubolta. Þess má geta að þeir spila báðir með meistaraflokknum okkar og eru þar lykilmenn.

Í gegnum tíðina hafa Hrunamenn, með frábærum liðstyrk frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp, tekið þátt í sterkum mótum eins og Íslandsmótum og bikarmótum. Á síðasta ári áttum við 3 lið í úrslitum í A-riðli á Íslandsmóti og kepptum einn úrslitaleik í bikar þar sem bikarinn rann okkur úr greipum á lokasekúndunum. Ekki má gleyma að minnst á landsliðsfólkið okkar en Elma Jóhannsdóttir og Heiðrún Kristmundsdóttir léku báðar fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti ungmenna sl. vor og stóðu sig þar að sjálfsögðu með miklum sóma.

Starfið gengur þó ekki eingöngu út á að framleiða afreksfólk í íþróttum, miklu máli skiptir að öllum líði vel í því sem þeir séu að gera og vegur félagslegi þátturinn þar þungt. Lið frá okkur hafa undanfarin ár tekið þátt í mótum eins og KEA skyr mótum og Reykjanesbæjarmótum en þar er áhersla á hreyfingu og góða skemmtun þar sem úrslitin eru látin liggja milli hluta.

Til þess að svona starf geti blómstrað þurfa margir að leggja hönd á plóg og það er óhætt að segja að í gegnum tíðina hafi margir aðilar unnið óeigingjarnt starf í þágu þess. Deild sem þessa er dýrt að reka og þess vegna er fjáröflun mikilvægur þáttur í rekstrinum. Í fyrra vorum við með kleinusölu sem sló algerlega í gegn og bráðskemmtilegt bingó þar sem einnig var uppboð á folatollum. Þá hafa elstu flokkarnir hjá strákunum nú þegar séð um vörutalningu í Strax og svona mætti halda áfram að telja. Þátttökugjöld hjá KKÍ hafa hækkað mikið þetta árið og því sér körfuknattleiksdeildin sig knúna til þess að hækka æfingagjöldin í samræmi við þá hækkun. Við hvetjum foreldra/forráðamenn til að standa í skilum og styðja við bakið á íþróttamönnum framtíðarinnar.

Með körfuboltakveðju

Stjórnin

Kolbrún Kristín formaður, Kristín Erla ritari og Evelyn gjaldkeri

Útgáfutónleikar !!

Á þessu ári fagnar Karlakór Hreppamanna sínu tíunda starfsári. Á sama tíma eru liðin 100 ár frá fæðingu Sigurðar Ágústssonar tónskálds og kórstjóra frá Birtingaholti. Það þótti því við hæfi að tíunda starfsár kórsins yrði helgað minningu Sigurðar með því að leggja megináherslu á að flytja lög eftir hann eða útsetningar hans á lögum annarra.

Nafn karlakórsins á sér tilvísan í nafn sem kallast á við forna frægð Hreppakórsins, karlakórs sem Sigurður stofnaði á þriðja áratug síðustu aldar.

Nú er kominn út hljómdiskur með lögum Sigurðar sem kórin söng inn á sl. vor ásamt því að koma fram á aldarminningarhátíð sem haldin var á Flúðum helgina 17. og 18. mars.

Í tilefni af útkomu hljómdisksins, heldur Karlakór Hreppamanna tónleika í Selfosskirkju sunnudagskvöldið 25. nóvember kl. 20.30 og í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði miðvikudagskvöld 28. nóvember kl. 20.00. Á dagskrá eru sönglög eftir Sigurð Ágústsson, lög sem Sigurður raddsetti og lög við ljóð eftir hann ásamt lögum eftir fleiri höfundu.

Stjórnandi : Edit Molnár
Píanóleikari: Miklós Dalmay
Einsöngur : Hermundur Guðsteinsson



Fréttir frá Leikholti

Þann 25. október sl. vorum við með „ömmu og afa kaffi“ kl. 14:30. Fjöldinn allur af ömmum og öfum komu í heimsókn. Boðið var upp á kaffi, smurt brauð og muffinskökur og börnin fengu svala. Börnin voru ánægð að geta sýnt ömmum og öfum leikskólann. Þetta var reglulega notaleg stund. Takk fyrir komuna.

Einhverntíman í desember ætlum við að vera með „mömmu og pabba piparkökukaffi!“

Við erum stundum með öðruvísi daga í leikskólanum og þann 8. nóvember var *Náttfatadagur*. Þá mættu allir í náttfötunum í leikskólann, bæði börn og starfsfólk☺

Séra Axel kom í heimsókn til okkar 1. nóvember og mun koma í nokkrar heimsóknir fram í desember.

<< 00 >>

Viðtal við börnin í Gula hóp (elstu börn Leikhólts) sem fara á hverjum þriðjudegi í heimsókn í Þjórsárskóla í október og nóvember.

Hvernig líst ykkur á grunnskólann?

“Bara vel”

Hvernig finnst ykkur að fara í skólalífi?

“Skemmtilegt”

Hvað er skemmtilegast í skólanum?

“Fara í fótbolta”


“teikna í skólamöppuna”

“Fara í stærðfræði”

“Leira og lita”

“líka gaman að leika úti”

“mér finnst gaman að tala við ömmu og vera með henni”



Hvernig líst ykkur á að byrja í grunnskóla næsta vetur?

“vel og illa”

“ágætt”

“ég held bara vel”


“allt fínt”

“bara ágætlega”

“bara gaman”

--

frh.→



Frá ömmu og afa kaffi
Leikholtis á dögnum.

Í tilefni af degi íslenskrar tungu 16. nóvember,
eru börnin að æfa þulur og lög sem þau munu flytja í samverustund í salnum
þann 15. október kl 11:00.

Þann 28. nóvember verður leikskólinn lokaður vegna starfsdags.
Kærar kveðjur frá öllum í Leikholti. ☺☺☺☺☺☺☺

Fimmta aðventukvöld sóknanna

**5. aðventukvöld sóknanna verður haldið 2. desember í
félagsheimilinu Brautarholti. Það hefst stundvíslega kl. 20.00.**

Athugið að það er klukkan átta sem aðventukvöldið hefst.
Dagskráin er með hefðbundnu sniði liðinna ára og allir hjartanlega
velkomnir, ungir sem aldnir. Bjarni Ármannsson flytur hugleiðingu
kvöldins og kórfólk syngur aðventusálma, ritningarlestur og bæn.

Í lokin kaffisopi og piparkökur.

Rétt er að beina því til sóknarbarna að sækja
kvöldið og slá þannig takt aðventunnar í lífi sínu
sem undanfari jólanna en ekki jólin sjálf. Þau byrja
miklu síðar.



-Séra Axel Árnason